

Lítið traust og tortryggni í Leikfélagi Selfoss

Leikfélag Selfoss frumsýndi glæpsamlega gamanleikinn Átta konur fyrir fullu húsi 14. febrúar sl. Átta konur leika í sýningunni eins og titillinn gefur til kynna og einum manni bregður fyrir inn á milli. Rakel Yr Stefánsdóttir leikstýrði. Sýningin er hennar fyrsta verk í fullri lengd sem hún leikstýrir. Hún er kunn Litla leikhúsinu við Sigtún en hún tók þátt í uppsetningum félagsins sem krakki. „Ég er virkilega þakklát fyrir þetta hús og þetta félag. Hér lærði ég allt sem ég kann og hér fékk ég að rækta minn áhuga og drifkraft fyrir leiklistinni,“ segir Rakel í pistli sínum í leikskrá sýningarinnar. Blaðamaður lagði leið sína á frumsýningu og skemmti sér mjög vel.

Sýningin Átta konur er ólík flestum sýningum. Um er að ræða gamanleik sem gerist árið 1963 en er á sama tíma harmleikur, sápuópera og söngleikur. Sjö konur eru samankomnar



í bústað þegar þær uppgötva hræðilegan atburð. Eftir hann er lítið um traust og tortryggnin allsráðandi. Þegar önnur kona bætist svo við fara áhyggjurnar að aukast.

Leikarar stóðu sig með

þrýði og greinilegt að mikil reynsla ríki í leikhúsinu. Má þar nefna Írisi L. Blandon sem fer á kostum sem amma Inga. Leikurinn var áreynslulaus og mjög sannfærandi og persónan fyndin. Mætti segja að hún sé

senubjófur sýningarinnar. Sama má segja um Sigríði Hafsteinsdóttur í hlutverki Ágústu. Hún túlkar hana mjög skemmtilega og gat maður hlegið mikið að henni á sama tíma og maður vorkenndi henni. Hinar leikkon-

urnar stóðu sig líka mjög vel og greinilegt að mikill metnaður hefur verið lagður í persónusköpun. Svo var reynsluboltinn Elli í hlutverki Markúsar. Hans framlag til sýningarinnar var ekki mikið en alveg nóg til að heillast að persónunni.

Ekki má gleyma fólkinu á bakvið tjöldin. Leiksýning verður ekki til án þeirra. Leikmyndin var mjög metnaðarfull og flott og tókst þeim vel að fanga sjöunda áratuginn. Hún var engu síðri en leikmyndirnar í atvinnuleikhúsunum. Það sama má segja um búninga, smink og hár. Tæknibrellurnar voru til þess að sýningin var enn trúverðugri og lýsingin til fyrirmyndar.

Ef þér finnst gaman að hafa gaman og getur ekki valið á milli gamanleiks, harmleiks, sápuóperu eða söngleiks er ekkert annað í stöðunni en að kaupa miða á Átta konur.

EHJ

Síðasta blýantsteiknaða hús landsins er í Hveragerði

Á dögunum heimsótti dr. Maggi Jónsson, arkitekt, Grunnskólann í Hveragerði ásamt Guðmundi F. Baldursyni, sem verið hefur byggingastjóri og eftirlitsmaður á vegum Hveragerðisbæjar við byggingar skólans frá því að fyrsti áfangi dr. Magga var tekinn í notkun árið 1988. Þar með voru hafnar viðbyggingar elsta hluta skólahúsnaðis sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni og tekið í notkun 1947.

Fjórði áfangi hannaður

Annar áfangi skólabyggingarinnar var tekinn í notkun í ágúst 2021, sex kennslustofur. Þriðji

áfangi skólabyggingarinnar var að hluta tekinn í notkun í ágúst 2024.

Á komandi sumri mun allur 3. áfanginn verða kominn til fullra afnota í skólastarfinu. Eldhús, salur, aðstaða til sér- og stuðningskennslu, viðtalsherbergi, sérfræðingarárými, þrjár kennslustofur, ásamt kjallara. Á þessu ári mun 4. áfangi skólahúsnaðisins verða hannaður og í framhaldi boðinn út.

Síðasta húsið sem Maggi teiknar

Þessir síðustu byggingaáfangar Grunnskólans í Hveragerði eru þeir síðustu sem dr. Maggi teiknar. Einnig er um að

ræða síðasta húsið á Íslandi sem teiknað er með blýanti. Kemur þetta fram á heimasíðu grunnskólans. Núorðið fer öll teiknivinna fram í tölvum.

Á að baki farsælan feril

Dr. Maggi Jónsson arkitekt, fæddur árið 1937, á áralangan og farsælan starfsferil. Hann er þekktur fyrir að teikna ýmsar merkilegar byggingar á Íslandi, þar á meðal Blönduóskirkju, sem var vígð árið 1993. Systurhús skólans í Hveragerði er FSu, en þessar tvær byggingar eru um margt líkar. Skilur dr. Maggi Jónsson eftir sig stórmerkan arf í byggingasögu Íslands.



Dr. Maggi Jónsson arkitekt, Sævar Þór Helgason skólastjóri og Guðmundur F. Baldursson tæknifræðingur. Ljósmynd: Grunnskólinn í Hveragerði.

Fáðu fagmann í verkið



PIPULAGNIR

SUÐURLANDS

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Háheiði 10, Selfossi

S. 699 1985 / 823 6656



Raflagnir

Tölvulagnir

Ljósleiðaralagnir



Gagnheiði 26, Selfoss

480 3300

www.trs.is



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt aðalskipulagslýsing á aðalskipulagi í Rangárþingi eystra.

Vindás - aðalskipulagsbreyting

Aðalskipulagslýsingin tekur til 12 ha. sem verið er að breyta úr landbúnaðarlandi (L1) og frístundarbyggð (F). Gert er ráð fyrir sjö lóðum.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru eftirfarandi deiliskipulag

Ytri-Skógar, tjaldsvæði og bílastæði - deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagstillagan nær til afþreyingar- og ferðamannasvæðis (AF53) við Ytri-Skóga. Tillagan tekur til 7,5 ha tjaldsvæðis, þar sem gert er ráð fyrir aðstöðuhúsi, bílastæðum fyrir húsbíla, leiksvæðum og salernisaðstöðu. Breytingin tekur einnig til stækkunar á lóðum við Skógarfossveg 2 til 7 (Fosstún í deiliskipulagstillögunni) auk þess að ferðþjónustulóðir sunnan við félagsheimili Fossbúðar verði felld úr gildi og í staðinn er gert ráð fyrir stækkun á núverandi bílastæði.

Ormsvöllur og Dufþaksbraut - deiliskipulagsbreyting

Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi athafnasvæðis við Ormsvöll og Dufþaksbraut. Núverandi hesthúsaloðir eru víkjandi og er áformað að breyta lóðum í atvinnulóðir um leið og lóðum er fækkað og þær stækkaðar. Gert er ráð fyrir hringtorgi á gatnamótum Ormsvalla og Hlíðarvegur og hefur það áhrif á Ormsvöll 27 og Hlíðarveg 16. Hámarkshæð húsa fer úr 6 m í 7 m.

Hvolsvegur og Hlíðarvegur - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til hluta af Hlíðarvegi og Hvolsvegi og gerir ráð fyrir hringtorgi við gatnamótin á svæðinu. Með deiliskipulaginu verður hluti af mannvirkjum víkjandi en gert er ráð fyrir 8-12 íbúðum á tveimur hæðum með risi. Hámarkshæð verður 7,5 og heildarbyggingarmagn verður 1728 m². Á þegar byggðum lóðum er gert ráð fyrir byggingarreitum og nýtingarhlutfalli en einnig verður heimilt að byggja bílskúr eða aukahús allt að 50 m². Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst, kynnt fyrir lóðarhöfum og send til umsagnaraðila skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þann 13. mars verður haldinn íbúafundur í félagsheimilinu Hvolum kl. 20:00 þar sem deiliskipulags tillaga fyrir Hvolsveg og Hlíðarveg verður kynnt fyrir íbúum.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 1. mars 2025 frá kl. 8:30 til 10:00. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur frá 17. febrúar til og með 3. apríl 2025. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Háskóla- og nýsköpunarsamfélagið Árborg

Oft og tíðum hefur verið rætt hér í Árborg um að það vanti fyrirtæki. Margur hefur kannski spurt sig hver sé ástæðan fyrir því að fyrirtæki komi ekki hingað? Sumir myndu svara því að hér væri ekki til peningur til að gera lönd tilbúin fyrir þær starfstöðvar og núverandi innviðir séu ekki nógu sterkir til að bera þann iðnað sem kæmi til Árborgar. Líklegt er að þessir þættir sem hafa verið taldir upp hafi áhrif en undirritaður telur að það vanti meira en bara peninga og sterkari innviði, heldur vanti okkur skýrari stefnu í hvernig við getum leyft fyrirtækjunum að þróa sinn vettvang og í leiðinni fengið nýtt og drifmikið fólk sem gæti nýst þeim í framtíðinni. En stóra spurningin er hvernig er hægt að selja fyrirtækjunum þá hugmynd að koma í Árborg?

Hvað skal gera?

Undirritaður leggur hér til að Árborg ásamt ríkinu fari að þróa starfsstöðvar sem háskólar landsins geti nýtt sér. Því hér í sveitarfélaginu eru margir staðir sem háskólar geta nýtt sér þegar það kemur að kennslu eða rannsóknunum. Þessu til rökstuðnings er hægt að nýta sér Þjórsárhraunið sem þekur fjöruna á

Eyrbakka og Stokkseyri. Í grennd við bæina eru einnig fuglafríðlönd sem háskólar og fyrirtæki gætu nýtt sér við rannsóknir. Á Eyrbakka eru einnig gömul byggðarlög sem fornleifafræðingar og sagnfræðingar gætu nýtt sér fyrir rannsóknir. En það má ekki gleyma að í grennd við Árborg eru fyrirtæki að byggjast upp. Ef nefna á dæmi þá er fiskeldi að spretta upp af miklum krafti í Ölfusi og væri það sterkur leikur að geta boðið upp á nám fyrir þá sem vilja starfa í fiskeldi. Einnig eru nokkrir húsakostir sem ríkið gæti notað eða keypt af sveitarfélaginu. Húsnæðið sem hýsti unglingadeild Barnaskólans á Eyrbakka og Stokkseyri gæti verið ágætis staður til að byrja á. Svo væri hægt að selja húsnæðið sem bókasafnið er í. Einnig væri hægt að hvetja ríkið til að breyta Litla-Hrauni í háskólaver þegar nýtt fangelsi verður tekið til notkunar.

Einn fyrir alla og allir fyrir einn

Ef þessi hugmynd yrði að veruleika þá gætu fyrirtækin og háskólarnir unnið saman og þróað starf sitt í þá áttina að fólkið sem væri að læra hér í Árborg myndi á endanum fá vinnu hjá þeim fyrirtækjum sem hér kæmu. Ef



nýsköpunarfyrirtæki myndu koma í sveitarfélagið þá gætu þau og háskólarnir unnið með íbúum sveitarfélagsins og leyft þeim að koma með hugmyndir sem gætu nýst þeim. En nýsköpun er ekki af skornum skammti í Árborg. Sveitarfélagið er í samstarfi við Hreiðrið sem er stýrt af Háskólasamfélagi Suðurlands en að sjálfsögðu er alltaf hægt að gera betur þegar það kemur að stuðla að nýsköpun og gæti Árborg farið í að þróa starfsaðstöður sem gætu hjálpað kraftmiklu fólki sem brennur fyrir nýsköpun. Ef vel til tekst þá gæti þetta orðið aðdráttarafl fyrir fólk til að búa í Árborg og stuðlað að frekara lóðaframboði á Eyrbakka og Stokkseyri þar sem tækifærin eru til að byggja nýsköpunar- og háskólaver.

Formaður Sjálfstæðisfélags Eyrbakka,
Gísli Rúnar Gíslason.

Nýr þjónustustjóri VÍS á Suðurlandi

Atli Örn Egilsson hefur verið Aráðinn þjónustustjóri VÍS á Suðurlandi. Atli hefur mikla reynslu af þjónustu við bæði einstaklinga og fyrirtæki en hann kemur frá Advania þar sem hann starfaði sem verkefna- og vörustjóri en þar áður starfaði hann hjá Íslandsbanka sem ráðgjafi á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði.

Atli er giftur Emilíu Björt Gísladóttur og eiga þau 3 börn. Hrafnhildi, 6 ára, Úlf, 5 ára og Egil sem er 1 árs. Foreldrar hans eru Svava Jónsdóttir og Egill Rafn Sigurgeirsson en þau hafa einmitt bæði unnið á Selfossi í gegnum tíðina. „Ég á einnig góðar minningar af Suðurlandi enda fór ég oft í sveit á Ósabakka á Skeiðum þegar ég var yngri að hjálpa til við heyskap eða í réttum.“ Atli er fæddur og uppalinn á litlum sveitarbæ í Svíþjóð en bjó lengst af á Vatnsenda í Kópavogi. Árið 2021 flytur hann til Hveragerðis þar sem þau hjónin hafa verið að gera upp eldra timburhús. „Okkur líður mjög vel í Hveragerði. Ég er mikill fjölskyldumaður og elska að verja tíma með fjölskyldunni, hvort svo sem það er heima eða úti í náttúrunni. Útivera og ferðalög skipta mig miklu máli – fátt jafnast á við góðan göngutúr í Reykjadal eða að kanna aðra fallega staði á Suðurlandi. Ég hef líka gaman af því að elda, sérstaklega þegar hægt er að grillar úti á sumrin. Svo hef

ég gaman af veiðum og golfi en ég reyni að stunda íþróttir reglulega, bæði til að halda mér í formi en líka til að njóta útiverunnar.“

Nýtt starf á nýjum stað

„Ég er mjög spenntur fyrir starfinu! VÍS er leiðandi tryggingafélag sem leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu, öryggi viðskiptavina og stafræna þróun. Það er frábært að vera hluti af sterku teymi hér á Suðurlandi. Ég hef unnið mikið með stafrænar lausnir og þjónustu og það sem vakti áhuga minn á þessu starfi var þessi aukna áhersla á enn betri þjónustu við landsbyggðina. Sömu leiðis fannst mér aðlaðandi að geta veitt persónulega þjónustu á Suðurlandinu.“

Tryggingar snerta alla þætti lífsins, og þess vegna er gaman að vera í hlutverki þar sem ég get hjálpað fólki að finna bestu lausnirnar fyrir sig og ná að kynnast fólki á Suðurlandi betur. Að fá að starfa á Selfossi leggst



mjög vel í mig. Það er skemmtilegt að vinna í umhverfi þar sem samfélagið er nátengt, fólk þekkir hvert annað og er vinalagt. Hérna er afslappaðra andrúmsloft en í borginni.


Teymið á Selfossi er frábært. Þau eru alltaf tilbúin að hjálpa og leggja sig fram um að veita toppþjónustu. Það er gaman að koma inn í svona gott starfsumhverfi. Nú erum við að fara í annað húsnæði og nýja skrifstofan, við Eyraveg 37, verður frábær, nútímaleg og hentar mjög vel fyrir góða þjónustu fyrir viðskiptavinum. Það er ánægjulegt að vera í nýrri og aðlaðandi vinnuaðstöðu með enn betra aðgengi,“ segir Atli að lokum.



BYKO
LEIGA**STUNDUM ER BETRA AÐ LEIGJA** leiga@byko.is / 480-4600

PALLARÁÐGJÖF MEÐ SVANFRÍÐI

Svanfríður Hallgrímsdóttir landslagsráðgjafi verður á Selfossi dagana **6., 7. og 8. mars** með pallaráðgjöf fyrir garðinn þinn. Eftir tímann færð þú senda hugmyndabók með þvíddarteikningum af fullkomnum sælureit í garðinum þínum.

**PANTAÐU TÍMA****NÝTT
BLAÐ**
á byko.is**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um prentvillur og/éða myndabrengl.



Heimir Árni Erlendsson, Þorvaldur Gauti Hafsteinsson, Daniel Breki Elvarsson og Daniel Smári Björsson með sigurveðlaun fyrir 18-19 ára flokk pílta á mynd vantar Artur Parde.



Adda Sóley og Anna Metta með sigurveðlaun fyrir 15 ára stúlknaflokk.

Bætti eigið Íslandsmet í þrístökki

Líð HSK/Selfoss gerði góða ferð á Meistaramót Íslands 15-22 ára um helgina. Í heildina vann liðið 12 Íslandsmeistararitla á mótinu, 12 silfurverðlaun og 10 bronsverðlaun. Auk þess sigraði liðið tvo aldursflokkatitla en það voru flokkarnir 15 ára stúlkur og 18-19 ára pílta. Liðið endaði í 3. sæti heildarstigakeppinnar eftir harða keppni um þriðja sætið við UFA.

Af einstökum afrekum ber það hæst að Anna Metta Óskarsdóttir, Umf. Selfoss, bætti eigið Íslandsmet í þrístökki í flokki 15 ára stúlkna þegar hún stökk 11,59 m. Gamla metið hennar var 11,46 m. Stökkið var að sjálfsögðu líka HSK-met og mótsmet. Anna Metta náði í heildina fimm Íslandsmeistararitlum á mótinu.

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson bætti eigið HSK-met í kúluvarpi þegar hann kastaði 15,62 m og hafnaði í öðru sæti í flokki 16-17 ára. Kastið er einnig 5. besti árangurinn frá upphafi í afrekaskrá pílta 16-17 ára. Ívar Ylur Birki-sson, Íþrf. Dímon, bætti einnig eitt HSK-met á mótinu en hann varð í 2. sæti í 60 m grindahlaupi á tímanum 8,33 sek. Fyrra metið átti Dagur Fannar Einarsson, 8,46 sek. Ívar Ylur varð einnig Íslandsmeistari í hástökki þegar hann stökk 1,92 sem er persónulegt met. Boðhlaupssveit 16-17 ára stúlkna urðu Íslandsmeistarar og settu HSK met í 4x200m hlaupi. Þær hlupu á 1:51,63 en gamla metið 1:51,80 mín og hafði staðið frá árinu 2012. Sveitina skipuðu Anna Metta Óskarsdóttir, Umf. Selfoss,

Helga Fjóra Erlendsdóttir, Íþrf. Garpi, Arndís Eva Vigfúsdóttir, Umf. Selfoss og Huguína Birna Hjaltdóttir Umf. Selfoss.

Aðrir Íslandsmeistarar úr liði HSK/Selfoss: Þorvaldur Gauti Hafsteinsson, Umf. Selfoss, sigraði 800 m hlaup pílta 18-19 ára á tímanum 2:02,30 mín. Helga Fjóra Erlendsdóttir, Íþrf. Garpi, varð þrefaldur Íslandsmeistari en hún sigraði 60 m grindahlaup á tímanum 9,36 sek, sigraði hástökk með 1,61 m háu stökki og langstökkið með 5,36 m löngu stökki. Píltar 16-17 ára urðu svo Íslandsmeistarar í 4x200m hlaupi á tímanum 1:37,87 mín.

Næsta verkefni liðsins er MÍ aðalhluti sem fer fram 22.-23. febrúar og svo fara bikarkeppnir FRÍ fram 1. mars.

Rúmlega 50 keppendur á Grunnskólamóti HSK í glímu

Rúmlega 50 keppendur frá fjórum skólum mættu á Grunnskólamót HSK í glímu sem haldið var í íþróttahúsinu í Reykholti í Biskupstungum 12. febrúar sl. Mótið var nú haldið í 24. sinn, en það fór fyrst fram árið 1999.

Keppt var í sex aldursflokkum drengja og stúlkna og veitt voru bæði einstaklingsverðlaun og bikarar fyrir stiga-hæsta skóla í fjórum flokkum. Keppendur Bláskógaskóla unnu fimm grunnskólameistararitla, Hvolsskóli náði í fjögur gull, Reykholtsskeppendur unnu tvo titla á heimavelli og Flóaskóli vann einn titil.

Bláskógaskóli vann stiga-bikarinn í fyrsta sinn í 5. - 7. bekk stúlkna og Reykholtsskóli vann stigabikarinn í 8. - 10. bekk stúlkna einnig í fyrsta



Keppendur á mótinu.

sinn. Hvolsskóli vann svo báða bikarana í drengjaflokkunum. Í 5. - 7. bekk unnu Hvolsskóla-strákar stigakeppnina fjórða skiptið í röð, eftir spennandi

keppni við Bláskógaskóla, en aðeins munaði einu stigi á skólunum. Hvolsskóli vann svo stigakeppnina í 8. - 10. stráka fimmta skiptið í röð.



Ótrúlega einföld aspas-mábrauð fyrir öll tilefni

Kristján Óðinsson er matgæðingur vikunnar.



Ég vil þakka Ingva kærlega fyrir þessa áskorun og um leið fyrir skemmtilega uppskrift sem svíkur aldrei þegar kíkt er í sveitina.

Ingvi tók fram í síðustu viku að ég hafi ferðast landshorna á milli og prófað hina ýmsu rétti. Ég ætla þó að deila með ykkur uppskrift sem ég hef átt í vasanum á öllum þeim stöðum sem ég hef komið á og hefur aldrei svikið. Það klikkar ekki að fólk spyrji um uppskriftina og trúir því varla hversu einföld hún er miðað við bragðið.

Einnig hefur samstarfsfélagi minn, hún Þóra, verið í bölvuðu brasi við fermingarbaksturinn og segist engan tíma hafa í hann. Þá koma aspas-mábrauðin sterk inn, því þau taka einungis örfáar mínútur að útbúa.

Hrærðu saman sýrða rjómanum, rækjumurostinum og majónesinu.

Helltu vatninu af aspasnum, þurrkaðu hann með eldhúspappír og stappaðu hann létt áður en þú hrærir honum saman við blönduna.

Skerðu smábrauðin í helm- inga og smyrðu blöndunni á.

Settu í ofn við 190°C í nokkrar mínútur, eða þar til brauðið byrjar að brúnast og osturinn gyllast.

1 dolla sýrður rjómi
1 dolla rækjumurostur
3-4 msk. majónes
1 dós grænn aspas
Smábrauð að eigin vali

Ég skora á vin minn og matgæðinginn Markús Árna Vernharðsson til þess að deila með okkur þeim töfrum sem hann býr yfir í eldamennskunni. Það að vera boðið í mat hjá Markúsi er ávallt fagnaðarefni. Þú veist aldrei hvað hann býður upp á, en eitt er víst, svikinn verður maður ekki! Markús hefur ferðast um allan heim, kynnt sér hinar ýmsu matarmenningar og hikar ekki við að prófa nýjungar í eldhúsinu. Ég er því spenntur að sjá hvaða rétt hann býður okkur upp á í næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

Pantað ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Viður þessi víða sést, vafnir saman fingur. Uppá mikill maður lést, margoft selt sem glingur. (JHP)

Svar við gátu í blaði 2789: Æ
1. (Æ) - 2. Gerist sí og æ



Hraunheimar leikskóli með leik og læsi í forgrunni

Í september næstkomandi opnar nýr leikskóli í Þorlákshöfn sem mun bera nafnið Hraunheimar. Hraunheimar er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri og vinnur að því að byggja upp skapandi og styðjandi umhverfi fyrir börn og starfsfólk.

Hrafnhildur Hlín er leikskólakennari og hefur unnið á fjölmörgum leikskólum bæði hérlandis sem og í Danmörku og er því með víðtæka reynslu af fjölbreyttu leikskólastarfi. Síðastliðin 3 ár hefur hún unnið sem hegðunarráðgjafi og hefur verið ráðgefi, bæði fyrir foreldra og starfsmenn leik- og grunnskóla, er varðar hegðun barna, námsumhverfi þeirra og uppeldi. Hún hefur víðtæka reynslu af börnum með ADHD og börnum á einhverfurófinu og

þekkir mikilvægi þess að skapa umhverfi þar sem öll börn fá að blómstra.

Læsi í leikskóla – að lesa heiminn í gegnum leik

Hraunheimar verður heilsuefandi leikskóli sem leggur áherslu á læsi í víðu samhengi. Orðið læsi vísar ekki eingöngu til grunnfærni í lestri og ritun heldur til margþættrar hæfni einstaklings til að skilja, túlka og tjá sig á ýmsa vegu í mismunandi aðstæðum. Í grunninn er læsi í víðu samhengi hæfnin til að takast á við daglegt líf, mynda sér skoðanir og taka ákvarðanir á ábyrgan hátt með því að skilja og nýta sér upplýsingar í mismunandi samhengi. Læsisþættir sem unnið verður út frá í öllu starfi með börnunum verða: Félags- og tilfinningalæsi, umhverfis- og samfélagslæsi, stafa- og stærðfræðilæsi og heilsulæsi.

Leikurinn er námsleið barna á leikskólaaldri og fer því allt nám í gegnum leik. Í leiknum þjálfast allir þættir læsis þar sem börnin fá tækifæri til að æfa sig í samskiptum og félagslegum aðstæðum. Hlutverk kennarans er að skapa umhverfi og aðstæður sem hæfir þroska og áhuga barnanna og veita stuðning þegar þörf er á.

Útikennsla verður stór þáttur í starfinu og leggur leikskólastjóri mikla áherslu á að útbúa útsvæði sem býður upp á fjölbreytta möguleika til náms. Lóðin er unnin í góðu samstarfi við fagaðila sem hafa mikla þekkingu og reynslu á hönnun slíkra svæða. Markmiðið er að verða Grænánaleikskóli en grænáninn gefur stofnunum góðan ramma til að vinna eftir til að efla til að mynda umhverfis- og samfélagslæsi. Horft er til mikilvægis hreyfingar og verður salur leikskólans vel útbúinn til fjölbreyttra hreyfistunda innandyrna. Eins er venja að börn í Þorlákshöfn geti æft íþróttir frá 4 ára aldri og verður allt kapp lagt í að sú hefð haldi sig þótt nýr leikskóli sé í þeim mun meiri fjarlægð frá íþróttahúsi bæjarins.

Faglegt læsi – að byggja upp lærdómssamfélag

Í Hraunheimum er teymisvinna

lykilþáttur í þróun leikskólans, þar sem markmiðið er að skapa öflugt lærdómssamfélag og efla faglegt læsi starfsmanna. Í upphafi hvers skólaárs mun starfsfólkið mynda fjögur teymi, þar sem hver deild á fulltrúa. Teymin munu funda mánaðarlega þar sem sett eru markmið, deilt reynslu og rýnt í það hvernig hægt sé að þróa kennsluhætti og efla heildrænt læsi barnanna í gegnum leik. Með markvissri samvinnu fá kennarar tækifæri til faglegs þroska og nýsköpunar í starfi. Starfsmenn fá einnig stuðning hver af öðrum og ákveðið frelsi og traust til að móta starfið innan stefnunnar.

Með því að skapa öflugt lærdómssamfélag meðal kennara og starfsfólks verður leikskólinn lifandi vettvangur þróunar, þar sem nýjar hugmyndir eru prófaðar og starfsaðferðir endurmetnar reglulega. Með góðri samvinnu

að sameiginlegum markmiðum, skapast öflugt starfsumhverfi þar sem bæði börn og fullorðnir vaxa og dafna.

Framtíðarsýn – Að byggja grunn fyrir lífið sjálft

Hraunheimar leggja grunn að framtíð barna með því að efla þau í gegnum leik, samskipti og skapandi nám í samvinnu við forráðamenn. Markmiðið er ekki aðeins að undirbúa þau fyrir áframhaldandi skólagöngu, heldur fyrir allt sem lífið hefur upp á að bjóða. Góð félags- og samskiptafærni er lykillinn að farsælu lífi, bæði í skóla, starfi og persónulegum samböndum. Með því að styðja börnin í að læra að tjá sig, hlusta, vinna með öðrum og setja sig í spor annarra, eru þau betur í stakk bún til að takast á við áskoranir framtíðarinnar.





KONUDAGSVÖNDURINN

OPIÐ SUNNUDAG KL. 9-14 Á SELFOSSI

ILM-VATNS-PRUFA FYLGIR MEÐ

7.990 KR.

KONUDAGSPAKKINN

Konudagsvöndur stór (nokkrir litir), súkkulaðihjarta og ilmvatnsprufa



ILM-VATNS-PRUFA FYLGIR MEÐ

9.990 KR.

ÁSTAR PAKKINN

Rósavöndur (7 stórar rósir með brúðarslõri), súkkulaðihjarta, ilmvatnsprufa og Lindor konfekt



ILM-VATNS-PRUFA FYLGIR MEÐ

15.990 KR.

RÓMANTÍSKI PAKKINN

Rósavöndur (7 stórar rósir með brúðarslõri), Bröns fyrir tvo, ilmvatnsprufa og Lindor konfekt



ILM-VATNS-PRUFA FYLGIR MEÐ

19.990 KR.

LÚXUS PAKKINN

Konudagsvöndur stór (nokkrir litir), Bröns fyrir tvo, ilmvatnsprufa, Lindor konfekt, ilmkerti (Cheaspeak Bay)



Skipulagsvaldið í höndum bæjarfélagsins

Þegar staldrað er við útsýnis-pallinn í Kömbum í dag, og lítið til Hveragerðis, rifjast upp minningar um þorpið fyrir mörgum áratugum. Gamli Kambavegurinn er nú gróinn og smám saman að breytast í göngustíg eða reiðstíg. Í Hveragerði hafði myndast lítið þorp með mörgum litlum gróðurhúsum og íbúðarhúsum. Þjóðvegurinn lá um Austurmörk, gufustrókar stigu víða til himins, en lítið var um

trjágróður. Ef horft var lengra austur blasti gamli Garðyrkju-skólinn við, svo og sundlaugin stolt Hvergerðinga. Reykjafjall rammaði síðan inn náttúruna til austurs, Hamarinn til norðurs, og Varmá liðaðist niður dalinn. Þorpið byggðist upp á þessum stað fyrst og fremst vegna jarð-hitans.

Hveragerði í sveitarfélaginu Ölfus varð sjálfstæður hreppur árið 1946 úr jörðunum Vorsa-

bæ og Öxnalæk. Ölfus var þá landbúnaðarsamfélag, en í Hveragerði var að myndast þorp með allt aðrar þarfir. Því skildu leiðir. Fyrirferðarmestir í Hveragerði voru garðyrkjubændur og listamenn. Garðyrkjumennirnir framleiddu blóm eða grænmeti, en listamennirnir voru ljóðskáld, rithöfundar eða listmálarar, allir þjóðkunnir og virtir á sínum sviðum. Hveragerði byggðist einkum vegna ókeypis jarðhita, byggingarmöguleika og náttúrunnar. Ekki eru margir eftirlifandi sem muna að í „gamla“ daga var víða skortur á köldu vatni, nóg var af því heita. Sums staðar var hellt upp á kaffi með hveravatni.

Í dag eru í Hveragerði um 3400 íbúar, sem fá alla þá þjónustu sem nútímasamfélag krefst. „Þorpið“ hefur stækkað gríðarlega, og nú sjást húsinn varla frá Kambabrún fyrir trjám. Hamarinn nærri falinn bak við stór furu- og grenitré, og fallegar trjábreiður í hlíðum Reykjafjalls blasa við, tré sem Garðyrkju-skólinn á Reykjum á heiðurinn af. Margt annað hefur breyst á þessum tíma. Nýr þjóðvegur um Kambana í gegnum Hveragerði, fjárréttin rifin, Kaupfélagið lagt niður, Tívolíið rífið, Eden brunninn, kirkjan og Heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins risin, en apinn vinsæli í blóma-verslun Michelsens löngu horfinn. Margar voru helgarferðir Reykjavíkinga til að berja apann augum eða til að kaupa grænmeti, eða kaffi og ís í Eden. Fyrir suma er hveralyktin minnisstæðust, þó að í dag sé hún að mestu horfin sem betur fer. Á vefsíðu Hveragerðisbæjar er að

finna fróðlega og skemmtilega þróunarsögu Hveragerðis. Sag-an er rakin stuttlega frá upphafi snemma á síðustu öld til þessa dags – vel þess virði að skoða.

Fyrir nokkrum árum fór fram skoðanakönnun meðal íbúa um endursameiningu Hveragerðis og Ölfuss, en Hveragerði er eins og lítið frímerki inni í Ölfusi. Vilji var til sameiningar í Hveragerði, en ekki í Ölfusi þó að litlu hafi munað. Á liðnum áratugum hefur hefðbundinn landbúnaður nánast horfið í Ölfusi. Aðeins ein jörð stendur enn undir því nafni í dag. Sameining mun eflaust eiga sér stað þótt síðar verði, og kannske kominn tími til að gera nýja íbúakönnun.

Nú er í vinnslu Aðalskipulag Hveragerðis með áherslu lögð á græna atvinnustarfsemi, ferðamanna- og heilsuþjónustu. Samkvæmt núgildandi Aðalskipu-lagi Hveragerðis skera þjóð-vegurinn og háspennulínur land Hveragerðis í tvennt. Á næsta skipulagstímabili mun byggðin eflaust þróast til suðurs. Nú-verandi þjóðvegur og raflínur, ásamt helgunarsvæði þeirra,

standa í vegi fyrir eðlilegri byggðarþróun. Helgunarsvæði þjóðvegarinn (2+2 og hjóla-stígs) og raflínanna mun skerða a.m.k. 20% af nýtanlegu byggingarlandi bæjarfélagsins þar. Það sem verra er, skerðingin er á besta byggingasvæði Hveragerðis. Uppi eru hugmyndir um að grafa rafstrengina í jörðu, en það breytir litlu eða engu því helgunarsvæði verður áfram til staðar. Fyrir þróun Hveragerðis er gildandi aðalskipulag afleitt, reyndar það allra versta, fyrir þróun bæjarfélagsins, og ótrúlegt að það hafi hlotið samþykki á sínum tíma. Nýja aðal-skipulagið, sem framundan er, verður að laga þessi mistök. Land Hveragerðis þarf að nýta eins vel og unnt er, og því þarf að færa bæði háspennulínur og þjóðveg að suðurmörkum bæjarfélagsins. Aðeins þannig verður byggðin samfelld. Skipulagsvaldið er í höndum bæjarfélagsins og bæjarfulltrúum ber að nýta þetta vald. Þeirra er ábyrgðin.

Róbert Pétursson,
íbúi í Hveragerði.



Krabbameinsfélag Árnessýslu stendur fyrir forvarnarátaki í tilefni Mottumars

Krabbameinsfélag Árnessýslu ætlar í tengslum við Mottumars að standa fyrir forvarnarátaki í mars 2025. Félagið verður m.a. með fyrirlestra um forvarnargildi hreyfingar og góðs mataræðis. Því leitar félagið til fyrirtækja á svæðinu til að taka þátt í þessu átaki með þeim. Samstarfið væri þá hugsað þannig að fyrirtæki bjóði viðskiptavinum upp á heilsutengd tilboð eða afslætti í þessum mánuði.

Þetta gætu verið tilboð eða afsláttur á hollum matarkosti í matvöruverslunum/veitingastöðum, á líkamsræktarkortum eða fríum kynningardögum/tímum og á fatnaði eða vörum sem tengja má við heilsusamlegan lífstíl. Krabbameinsfélag Árnessýslu mun kynna þessi fyrirtæki og hvernig þeirra þátttöku verður háttað á samfélagsmiðlum.



Krabbameinsfélag
Árnessýslu

Tölum um stjórnmál í kjördæmaviku



opinn fundur mánudaginn 24. febrúar kl. 16:30
í sal Rauða Krossins á Eyravegi 15, Selfossi

Samfylkingin
í Árborg og nágrenni

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

Uppbyggingarsjóður Suðurlands

óskar eftir umsóknum í sjóðinn

Er kominn tími á þína hugmynd?

UMSÓKNARFRESTUR
4. mars, kl. 16:00

RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND
Byggðaðróunarfylltrúi á þínu svæði
sinnir hlutverki ráðgjafa fyrir sjóðinn

NÁNARI UPPLÝSINGAR
www.sass.is/uppbyggingarsjodur



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Öruggt og viðunandi húsnæði fyrir alla í Hveragerði

Ein af megináherslum meiri-hluta Okkar Hveragerðis og Framsóknar á kjörtímabilinu er að tryggja fjölbreytt búsetuúr-ræði í Hveragerði, þar með talið að fjölga félagslegu. Í þessari grein vil ég fara yfir hvernig þróun og staða á félagslegu leiguhúsnæði hefur verið og er í Hveragerði.

Hvers vegna félags-legt leiguhúsnæði?

Mikilvægur mælikvarði á gæði rekstrar og þjónustu sveitar-félags er hvernig staðið er að velferðarþjónustu. Einn hluti hennar er hvernig sveitarfélag nær að mæta þörfum eftir fé-lagslegu leiguhúsnæði. Félags-legt leiguhúsnæði er húsnæði sem sveitarfélög reka og leigja út til tekjulágra einstaklinga og fjölskyldna sem ekki hafa kost á almennri leigu á markaði eða húsnæðis kaupum. Markmiðið er að tryggja að allir hafi öruggt og viðeigandi húsnæði, óháð efna-hag þeirra. Í lögum um félags-þjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að sveitarfélög skuli tryggja að nægilegt framboð sé af félagslegu leiguhúsnæði.

Fækkun á félags-legu leiguhúsnæði

Árið 2003 átti Hveragerðisbær níu félagslegar leiguíbúðir eða 4,8 á hverja 1.000 íbúa. Félags-legum leiguíbúðum fór hratt

fækkandi næstu árin og árið 2014 var svo komið að sveitar-félagið átti aðeins tvær félags-legar íbúðir eða 0,9 á hverja 1.000 íbúa. Frá og með árinu 2017 skánaði þessi staða lítillega og við lok síðasta kjörtímabils árið 2022 voru íbúðirnar orðnar sex talsins eða 2 íbúðir á hverja 1.000 íbúa. Þá hafði félagslegum íbúðum fækkað um 58% á tæp-um tveimur áratugum ef lítið er til þróunar íbúafjölda í bænum. Til samanburðar má geta þess að félagslegt leiguhúsnæði í eigu Reykjavíkurborgar var árið 2022 16,2 á hverja 1.000 íbúa og 5,3 í nágrennasveitarfélaginu Árborg.

En hvers vegna var félags-legu húsnæði fækkað á þessu tímabili, þrátt fyrir að öllum hafi verið ljóst að þörfin fyrir slíkt húsnæði væri enn til staðar? Engar skýringar liggja fyrir í opinberum gögnum né frá þeim sem stýrðu bænum á þessu tímabili. Kannski spáði Guðrún Helgadóttir þingmaður rétt um þróun þessara mála þegar hún ræddi félagslegt leiguhúsnæði sveitarfélaga á Alþingi árið 1991 og sagði: „Ætli það verði nú ekki eins og oft áður að velferðarmál fjölskyldnanna víki þegar gerðar eru fjárhagsáætlanir fyrir vega-lagningu og öðru slíku sem oft virðist vera í forgrunni á áhuga-málasviði stjórnmálamanna?“

Nýtt uppbyggingarskeið

Vegna skorts á fjárfestingu í þessum málaflokki undanfarin 15–20 ár mun það taka tíma að vinna upp þann halla sem hefur myndast. Á síðasta ári sam-þykkti núverandi meirihluti að fjárfesta í félagslegri leiguíbúð, en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn sátu hjá við af-greiðsluna. Staðan í byrjun árs 2025 er að 20 eru á biðlista í Hveragerði eftir félagslegu leiguhúsnæði.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árin 2025 og 2026 er stefnt að frekari kaupum á íbúðum, þannig að þær verði samtals níu árið 2026. Það eru jafnmargar félagslegar íbúðir og voru í eigu Hveragerðisbæjar árið 2003. Árið 2025 verður hlutfall félags-legra leiguíbúða í Hveragerði 2,4 íbúðir á hverja 1.000 íbúa en var 4,8 árið 2003. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að hefði sveitarfélagið haldið hlutfalli félagslegra leiguíbúða óbreyttu frá 2003 þyrfti það nú að eiga 16–17 slíkar íbúðir og gæti því mætt miklu betur þeirri þörf sem er til staðar.

Frelsi til athafna og mikil-vægi húsnæðisöryggis

Ein af grunnstoðum lýðræðis-samfélagsins er frelsi einstakl-ingsins til athafna og gjörða. En slíkt frelsi verður marklaust ef félagslegt réttlæti og grundvall-arþjónusta eru ekki tryggð. Þeg-


ar skorið er niður í grunnstoðum velferðarkerfisins, svo sem í fé-lagslegu leiguhúsnæði sveitar-félaga, eru þeir sem mest þurfa á aðstoð að halda settir í afar viðkvæma stöðu, og hafa síður tækifæri til að koma undir sig fótum og lifa með reisn. Þannig getur skortur á húsnæðisöryggi, ásamt öðrum þáttum velferðar-innar, takmarkað raunverulegt frelsi einstaklings, jafnvel þótt formlegt frelsi sé til staðar. Þau sem kalla á frelsi en styðja sam-tímis aðgerðir sem veikja vel-ferðarþjónustu, eins og með fækkun félagslegra leiguíbúða, missa sjónar á kjarna raunveru-legs frelsis. Húsnæðisöryggi, rétt eins og aðrar stoðir velferðar-kerfisins, er ekki einungis spurn-ing um félagslega þjónustu – það snýst um frelsi. Frelsi til að lifa öruggu og stöðugu lífi, taka þátt



í samfélaginu og nýta hæfileika sína til fulls til jafns á við aðra.

Það er því mikilvægt að bæjaryfirvöld í Hveragerði haldi áfram að fjölga félagslegu leigu-húsnæði til að tryggja tekjulitlum einstaklingum og fjölskyldum öruggt og viðunandi húsnæði.

Njórður Sigurðsson,
bæjarfulltrúi Okkar
Hveragerðis.



UMSÓKNARFRESTUR ER TIL
28. FEBRÚAR

SÓTT ER UM Á BYKO.IS

TIMBUR-
AFGREIÐSLA
SUMARSTARF

Við hjá BYKO erum að leita að öflugum einstaklingi í sumarstarf í timburskemmu okkar á Selfossi. Ef þú ert framsækinn og faglegur einstaklingur með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér. Vinnutími er ýmist 08:00 – 16:00 og 10:00 – 18:00.

VIÐ LEITUM AÐ
STARFSMANNI MEÐ:

- Ríka þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Lyfttarpróf, kostur
- Áhuga á verslun og þjónustu
- Bílpróf, skilyrði

HELSTU VERKEFNI
OG ÁBYRGÐ:

- Almenn afgangiðslu og lagerstörf
- Móttaka og frágangur á vörum
- Almenn þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni

Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum og á öllum aldri til að sækja um.

BYKO hefur sett sér þá framtíðarýn að skapa bestu heildarupplifun viðskiptavina í framkvæmdum og fegrun heimilisins. Í þeirri vinnu höfum við gildin okkar að leiðarljósi; fagmennska, framsækni og gleði.

Allar nánari upplýsingar veitir
Margrét Hannesdóttir,
margreth@byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Great Place To Work
Vottun
FEB 2024 – FEB 2025



Næstu sýningar:

- 3. sýning föstudaginn 21. febrúar kl. 20:00
- 4. sýning sunnudaginn 23. febrúar kl. 18:00
- 5. sýning föstudaginn 28. febrúar kl. 20:00 (örfá sæti laus)
- 6. sýning sunnudaginn 2. mars kl. 18:00
- 7. sýning föstudaginn 7. mars kl. 20:00
- 8. sýning sunnudaginn 9. mars kl. 18:00

Miðaverð 3.900 kr.

Sýnt er í Litla leikhúsinu við Sigtún

Miðasala á Tix.is og
midasala@leikfelagselfoss.is



Aðstoðarmaður tannlæknis / Tanntæknir

Við erum að leita að starfsmanni á tannlækna- stofuna okkar á **Hellu**. Um er að ræða 90-100% starf. Vinnutími er breytilegur eftir dögum og þarf viðkomandi að vera nokkuð sveiganlegur.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf 1. apríl eða fljótlega eftir það.

Hæfniskröfur:

- Við erum fyrst og fremst að leita að menntuð- um tanntækni eða starfsmanni með reynslu af störfum á tannlækna- stofu. Við skoðum þó allar umsóknir með opnum huga.
- Umsækjandi þarf að tala og skrifa á íslensku og hafa góða almenna tölvukunnáttu.
- Aðrir eiginleikar sem við leitum eftir er rík þjónustulund, áhugi á mannlegum samskipt- um, geta starfað undir álagi og vera úrræða- góður.

Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum ef ein- hver eru sendist á netfangið
ragnheidur@tannalfur.is fyrir 1. mars nk.

Tannlækna
þjónustan.is



„Það sem einn hendir, er öðrum gullmoli“

Þrettán mæður hafa tekið sig saman og halda markað og kökubasar í Samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka 23. febrúar nk. Þær eiga það sameiginlegt að hafa eignast barn í byrjun árs 2024 og eru þær saman í svo- kölluðum mömmuhóp. Margt verður í boði á markaðnum.

Vill endurheimta bílskúrinn

Hugmyndin að markaðnum kviknaði þegar eiginmaður einnar mömmunnar lýsti því yfir að hann ætlaði sér að endur- heimta bílskúrinn sinn þar sem smám saman hafði safnast upp alls konar dót, föt og ónotaðir hlutir.

„Þetta varð kveikjan að spjalli okkar á milli, þar sem við áttuðum okkur á því að við værum allar með fataskápa, geymslur og bílskúra fulla af fötum og munum sem fengju ekki lengur notkun – frá börn- unum okkar, okkur sjálfum og jafnvel eiginmönnunum!“ segir Berglind Björgvinsdóttir, ein mæðranna, í samtali við Dag- skrána.

Hún segir þær margar hafa nýtt sér þjónustu hjá Krílafló og elski þá hugmyndafræði. „Okk- ur langaði alls ekki að keppa við þau. Þess vegna ákváðum við að halda markaðinn á sunnudegi þegar Krílafló er lokað, þann- ig að við styðjum hringrásina saman,“ segir Berglind.

Aðaltilgangurinn að hafa gaman

Hún segir aðaltilgang markaðar- ins vera að hafa gaman, losa sig við hluti sem eru hættir að þjóna þeim og gefa þeim nýtt líf hjá öðrum. Planíð er líka að safna í sjóð fyrir mömmurnar svo þær geti átt skemmtilegan dag saman í fæðing- arorlofinu. „Að skella sér saman í brunch eða fara í dagsferð getur stundum verið lúxus þegar maður er í fæðing- arorlofi, enda ekki alltaf mikill peningur afgang- s þegar mánuðurinn er liðinn,“ tekur Berglind fram.

„Við vildum því nota þetta tækifæri til að safna fyrir skemmtilegum degi saman – því við vitum allar hversu mikil- vægt það er að hlúa að sjálfri sér og eiga góðar minningar með vinkonunum. Það besta er að við gerum þetta í gegnum endurnýt- ingu og hringrásarhugsun.“

Undirbúningur hefur gengið eins og í sögu að sögn Bergl- indar. „Við erum duglegar að hittast, spjalla, skipuleggja og – að sjálfsögðu – hlæja mikið. Við erum allar mjög spenntar fyrir þessum viðburði og það er virkilega gaman að sjá hvað hugmyndin hefur fengið góðar viðtökur.“

Orðnar mjög nánar

Hópurinn kynntist í gegnum



mömmuhittinga þar sem allar voru með börn sem fæddust á tímabilinu janúar til maí 2024. Hópurinn hefur svo stækkað jafnt og þétt. „Við drógum vin- konur okkar með sem voru einn- ig með börn á svipuðum aldri. Í dag erum við orðnar mjög nán- ar, börnin nán og hitt- umst við reglulega – hvort sem það er í göngutúr með krílin, kaffispjalli eða jafn- vel á kvöldin án barnanna. Það er ómetanlegt að hafa svo góðan hóp í svoa einstöku lífskeiði,“ segir Berglind.

Frábært þegar hlutir fá nýtt líf

Það verður nóg í boði fyrir öll á markaðnum. Mæðurnar selja bæði eigin föt og föt barnanna sinna ásamt fleiru. „Við eigum börn á öllum aldri, frá eins árs upp í sautján ára, þannig að úrvalið verður fjöl- breytt. Auk þess verða heimilisvörur, leikföng, bækur og fleira í boði – og sumar okkar hafa meira að segja gert stórtækar tiltektr í fataskápum eiginmannanna! Það verður því eitthvað fyrir alla fjölskylduna,“ tekur Bergl-

ind fram og segir að ef fólk finni ekki eitthvað við sitt hæfi sé hægt að næla sér í köku á köku- basarnum.

Að lokum talar Berglind um hve mikilvægir svona markaðir séu fyrir samfélagið.

„Hringrásin er algjör snilld. Það sem einum finnst drasl getur orðið dýrmætur fjár- sjóður hjá öðrum. Þannig náum við ekki bara að minnka soun heldur hjálpum við líka öðrum að finna hluti á hagstæðu verði. Það er svo frábært að vita að föt, leikföng og hlutir fá nýtt líf hjá nýjum eigendum í staðinn fyrir að enda í ruslinu.“

Mæðurnar hvetja öll til að mæta á markaðinn á sjálfan konudaginn, sunnudaginn 23. febrúar og eiga saman skemmti- lega stund. Opið verður frá klukkan 12-17.

„Komdu og sjáðu hvort þú finnst fjársjóð – eða komdu bara til að fá þér ljúffengan bita á kökubasarnum okkar og kíkja á stemninguna. Það er aldrei að vita nema þú finnst eitthvað d á s a m l e g t fyrir sjálfa/n þig eða fjöl- skylduna.“

M u n i ð :
„Það sem einn hendir, er öðrum gullmoli!“

Við hlökkum til að sjá ykkur í banastuði á konudaginn!“ EHI



Framkvæmdir við landfyllingu í Þorlákshöfn stöðvaðar

Brimbrettafélag Íslands tilkynnir að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafi ákveðið að stöðva framkvæmdir við fyrirhugaða landfyllingu við Suðurvarabryggju í Þorlákshöfn til bráðabirgða, meðan úrskurðarnefndin er að safna sér frekari upplýsinga um málið.

Með bréfi dags. 10. febrúar 2025 lagði Brimbrettafélag Íslands fram kvörtun vegna ákvörðunar bæjarstjórnar Ölfuss dags. 30. janúar sl. um að veita framkvæmdaleyfi fyrir landfyllingu. Krafðist félagið þess að leyfið yrði felld úr gildi og að framkvæmdir yrðu stöðvaðar á meðan málið er til úrskurðar.

Formaður úrskurðarnefndarinnar hefur úrskurðað þannig að

framkvæmdir við landfyllinguna skulu stöðvaðar til bráðabirgða, enda sé málið á frumstigi ráðs og álit nefndarinnar þurfi frekari ráðgjöf og rannsóknar.

Brimbrettafélag Íslands hefur bent á þær alvarlegu afleiðingar sem framkvæmdin mun hafa á brimbrettasvæðið við Þorlákshöfn, einkum Aðalbrotið, sem er einstakt öldusvæði á landsvísi. Í kærri sinni bendir félagið á að þær breytingar sem landfyllingin hefur í för með sér séu óafturkræfar og muni hafa áhrif á umhverfi og útivistarmöguleika í Þorlákshöfn til frambúðar.

Íbúar í Þorlákshöfn eru mjög áhugasamir um framtíð svæðisins og hafa sent inn tilkynningu um undirskriftasöfnun til

bæjarstjórnar til að framkvæma íbúakosningu varðandi framkvæmdina og varðveitun útivistarsvæðis.

Brimbrettafélag Íslands fagnar þessari bráðabirgðaákvörðun úrskurðarnefndarinnar og mun halda áfram að vinna að verndun brimbrettasvæðisins við Þorlákshöfn.

Stjórn BBFÍ.



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

..: Námskeið

fyrir fagfólk í byggingariðnaði

26. febrúar

Mannvirkjaskrá

Þetta námskeið er fyrir byggingarstjóra. Tilgangur þess er að fræða þátttakendur um Mannvirkjaskrá til að auðvelda þeim notkun á henni. Farið verður yfir uppbyggingu, virkni og helstu aðgerðir sem byggingarstjórar þurfa að framkvæma við áfangaúttektir.

Leiðbeinendur: Sérfræðingar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
Staðsetning: Hvolsvöllur - Félagsheimilið Hvoll
Tími: 26. febrúar kl. 10:00 - 12:00

..: Upplýsingar og skráning á www.idan.is

HÚS Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

IDAN Fræðisetur

KPMG

Skattafróðleikur KPMG á Selfossi

Fimmtudaginn 27. febrúar
kl. 16:00 á Hótel Selfossi

SKRÁNING OG NÁNARI
UPPLÝSINGAR Á KPMG.IS

50 ÁR Á ÍSLANDI

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlunJákvæðar
hugsanir
breyta deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í fíróttfræðum,
nálastungu, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
20. febrúar kl. 13:00-14:30AÐALFUNDUR
FEBSELFim. 20. febrúar kl. 14:00
Kaffi og kökur í boði félagsins

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14

Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16

Unga fólk 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14

Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14

Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14

Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessir tíma
henta ekki.Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrúsholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

KIRKJA

Hrepphóla kirkja

Kirkjuskóli laugardaginn 22. feb.
kl. 11. Verið öll velkomin!

Hrunakirkja

Messa unga fólksins kl. 13.
Nemendur í 10. bekk Flúðaskóla
annast messuna í tali og tónum;
syngja, spila, flytja hugvekjur o.
fl. Á eftir er boðið upp á hress-
ingu í safnaðarheimilinu. Þar
verður líka kökubasar í umsjá
nemenda 10. bekkjar. Allur ágóði
rennur í ferðasjóð. Verið öll vel-
komin!

Selfosskirkja

Sunnudagur 23. febrúar, Messa
kl 11:00 með nýja forminu, en án
altarisgöngu. Biblíudagurinn og
Hinsegin dagar í Árborg spila
inni. Prestur er Ása Björk, organ-
isti er Ester Ólafsdóttir og söng-
inn leiðir kirkjukórinn okkar.Sunnudagaskóli einnig klukk-
an 11:00, í safnaðarheimilinu.
Sjófn æskulýðsfulltrúi leiðir
stundina með hjálp leiðtoganna.
Kyrrðarþæn á þriðjudaginn
klukkan 12. Á miðvikudag er
morgunþæn klukkan 10, Kríla-
sálmar kl. 10:30 og foreldra-
morgunn kl. 11:00.

Eyrarbakka kirkja

Messa með nýja forminu og
með altarisgöngu kl. 20:00, á
Biblíudeginum. Séra Ása Björk
þjónar og prédikar. Pétur Núi
leikur á orgelið og Kammerkór
Eyrarbakka kirkju leiðir sönginn.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl 11 á Biblíudeginum.
Raddbandafélag Reykjavíkur
leiðir safnaðarsöng og flytur tón-
verk. Sr. Kristín Þórunn Tómas-
dóttir og Jón Bjarnason dó-
morganisti þjóna. Kaffisopi í
Gestastofu á eftir. Innilega vel-
komin!

Sólheimakirkja

Skátamessa á Konudegi kl 14.
Skátakórinn syngur undir stjórn
Guðmundar Pálssonar og einnig
stígur Skátafélag Sólheima á
stokk. Guðjón Sigmundsson
(Gauji litli) flytur hugvekjur. Sr.
Kristín Þórunn Tómasdóttir
þjónar. Kirkju- og kertaverðir eru
Gunnlaugur Ingimarsson og
Arna María Daniëlsdóttir. ATH að
konur fá sérstakan glaðning -
innilega velkomin!

Þorláksskirkja

Guðsþjónusta kl. 17:00 - Léttara
form. Kór Þorláks- og Hjalla-
sóknar leiðir almennan söng við
undirleið Esterar Ólafsdóttur
organista. Sr. Sigríður Munda
Jónsdóttir þjónar. Verum öll vel-
komin,

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffið næsta laugar-
dag, 22. febrúar, kl. 11 á
Eyraveginum hjá
Framsókn. Sérstakur
gestur verður Lilja Dögg
Alfreðsdóttir.HYDROS Ölfus gerir
verksamning við Vatnsborun um
borun fimm rannsóknarhola

HYDROS Ölfus ehf. Hefur gert verksamning við Vatnsborun ehf. um borun fimm rannsóknarhola vegna vöktunar grunnvatns á Hafnarsandi og í Þorlákshöfn.

HYDROS Ölfus ehf. var stofnað í ágúst 2024 í þeim tilgangi að tryggja sjálfbæra notkun vatns á svæðinu, sem og að afla og miðla upplýsingum tengdum vöktun grunnvatns. Stofnendur félagsins eru allir helstu notendur auðlindarinnar í og við Þorlákshöfn.

Vatnsauðlindin í Ölfusi er ein sú öflugasta á landinu öllu og liggur til grundvallar verðmætis- skapandi verkefna sem spanna allt frá fiskeldi yfir í drykkjar- vöruframleiðslu. Lauslega áætlað má gera ráð fyrir nýtingu allt að 65 þúsund lítra á sekúndu af fersku vatni og jarðsjó á næstu árum og því mikilvægt að

tryggja vöktun og stýringu auðlindarinnar á heildrænan máta. Þannig verður sjálfbærni og hagsæld best tryggð. Samningur HYDROS við Vatnsborunir ehf. er liður í markvissri uppbyggingu skilvirkar stýringar á vatns- og sjótöku á svæðinu og leggur grunn að sjálfbærri nýtingu ferskvatnsauðlindarinnar.

Stjórn HYDROS Ölfus ehf. er skipuð fulltrúum stofnaðila sem munu annast stjórn og stefnumótun félagsins milli hluthafunda. Félagið hefur þegar gert samkomulag við Ölfus Cluster um umsjón daglegs reksturs fram að fyrsta aðalfundi, sem haldinn verður fyrir lok júní 2025.

Fyrir hönd HYDROS Ölfus ehf.
Elliði Vignisson,
Formaður stjórnar Hydros.

Helstu verkefni HYDROS Ölfus ehf.:

Félagið mun vinna að fjölbreyttum verkefnum sem miða að sjálfbærni og ábyrgri notkun grunnvatnsauðlindarinnar.

Skipulag og stefnumótun: Mótun langtímaáætlaða fyrir vöktun og notkun grunnvatns.

Vöktun grunnvatns: Gerð og innleiðing sameiginlegrar vöktunaráætlunar.

Rannsóknarboranir: Borun rannsóknarhola til gagnasöfnunar.

Vöktunarkerfi: Uppsetning og rekstur vöktunarkerfa fyrir ferskt, ísalt og salt vatn.

Gagnasöfnun: Stofnun sameiginlegs gagnagrunns fyrir samningsaðila.

Greining og ráðgjöf: Veita faglega greiningu og ráðgjöf til aðila sem tengjast verkefninu.

Samskipti við opinberar stofnanir: Samstarf við m.a. Orkustofnun um notkun og stýringu vatnsauðlinda.

Umsagnir um verkefni: Mótun sameiginlegra umsagna vegna fyrirhugaðra verkefna sem varða vatnsauðlindir.



Áformað vöktunarsvæði Hydros.



Við tilefni undirskriftar verksamnings milli Hydros ehf og Vatnsborun ehf., frá vinstri: Sigmar B. Arnason, (Sveitafélagið Ölfus), Hannes Örn Ólafsson (Vatnsborun), Páll Marvin Jónsson (Ölfus Cluster), Sverrir Óskar Elfsen (COWI), Jens Þórðarson (GeoSalmo) og Elísabet Ásta Eypórsdóttir (COWI).

VISS á Hvolsvelli í nýju glæsilegu húsnæði

VISS vinnu- og hæfingarstöð á Hvolsvelli er komin í nýtt glæsilegt húsnæði. Formleg opnun var 13. febrúar sl. Fjöldi fólks mætti á opnunina og var mikil ánægja með nýja húsnæðið. Bodið var upp á flottar veitingar og skemmtiatriði.

Kjarnastarfsemi í bænum

Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra, fór með nokkur orð og talaði um hversu mikilvæg starfsemin væri sveitarfélaginu.

„Ég held að VISS sé orðin ein af okkar kjarnastarfsemi í bænum. Þetta er svo frábært verkefni. Það er okkur mikil ánægja í Rangárþingi eystra að hafa geta skaffað þetta húsnæði. Hér er hægt að vinna og þetta er góður vinnustaður. Það er alltaf gaman að koma hingað, það er virkilega góður andi. Von-

andi verður VISS við lýði sem lengst,“ sagði Anton Kári.

Kvenfélögin úr Rangárþingi eystra afhentu VISS áritaðan skjöld fyrir þrekhlól sem þær gáfu starfseminni. Hefur það komið að mjög góðum notum og mun gera um ókomna tíð.

Bylting fyrir starfsemina

Elías Árnason forstöðumaður VISS á Hvolsvelli segir nýja húsnæðið vera frábært og algjöra byltingu fyrir starfsemina sem sé nú með 11 starfsmenn og þar af þrjá fastráðna.

„Við vorum í gamla matsalnum á Kirkjuhvoli, miklu minni og það er eiginlega bara eitt rými. Þar var vinnuástaðan, eldhúsið, matsvæðið, engin skrifstofa og við vorum með eina pínulitla geymslu. Þetta átti allt að vera þarna í þessu eina rými. Þetta býður upp á miklu

meiri möguleika. Við getum verið með þetta sem vinnustað.“

Í nýja húsnæðinu er hægt að vinna á nokkrum stöðum. Það er fjölbreytt starfsemi sem fer fram hjá VISS. Nú eru þau með smíðaverkstæði, saumaverkstæði og málningarverkstæði og heilsupjálfunar- og hvíldarrými. Húsnæðið býður upp á að hægt sé að vinna á öllum stöðunum án þess að það trufla.

„Við erum búin að versla okkur daldið af verkfærum og dóti sem Húsasmiðjan og aðrir hafa verið duglegir að styðja okkur með. Þannig að við getum unnið í látum hér, lokað öllum hurðum, þannig að þau sem eiga erfitt með hljóðareiti og svoleiðis geta fengið að vera í friði einhvers staðar annars staðar,“ segir Elías.

Stærsta verkefnið þeirra er að sauma tuskur fyrir hótél og fyr-



Fjöldi fólks mætti á opið hús.

irtæki. „Við gerum ofboðslega mikið af tuskum fyrir Rangá, Stracta og öll verkstæðin sem eru á svæðinu,“ tekur Elías sem dæmi.

Hagstæðara að vera með þjónustuna á einum stað

Elías segir marga sækja starfsemina. Öll þau sem eru með fötlunargreiningu geta komið í VISS. Hann segir starfsemi sem þessa bráðnaðsynlega fyrir samfélagið og gott að geta sótt alla þjónustu á einn stað frekar en út um allan bæ.

„Þetta er fyrir samfélagið, svona fjárhagslega séð, langbesta leiðin að geta hjálpað þessu fólki. Það er kannski hópur sem fær ekki þá þjónustu sem það þarf og endar þá miklu frekar á heilsugæslunni, sjúkrahjálfun eða hjá félagsþjónust-

unni og svoleiðis. Það er miklu hagstæðara fyrir alla að vera á einum stað.“

Stöðin fær sjúkraþjálfara til sín tvisvar í viku sem Elías segir mjög gott fyrir hópinn.

„Aður en við fluttum hingað þá voru allir í hópnum hérna sem þurftu á sjúkraþjálfun að halda en mættu ekki. Það var erfitt að komast og þau gleymdu því og alls konar. En eftir að við fluttum hingað þá eru allir að fá þjónustu, sem er frábært. Félagsþjónustan kemur hingað sirka einu sinni í mánuði. Þetta bindur svo mikið saman. Fólki getur fengið miklu fjölbreyttari og réttari þjónustu með því að koma hingað.“

Að lokum segir Elías VISS vera frábæran stað fyrir fólki að koma sér úr félagslegri einangrun. *EHJ*



Jóhanna Elín Guðlaugsdóttir og Elías Árnason hjá þrekhlólinu sem kvenfélögin á svæðinu gáfu VISS.



Anton Kári talaði um mikilvægi starfseminnar.

Sunnlendingar áberandi í Söngvakeppninni

Úrslit Söngvakeppninnar 2025 fara fram um helgina þar sem Íslendingar velja framlag sitt í Eurovision sem fer fram í Basel í Sviss í maí. Nokkrir Sunnlendingar eru á meðal þeirra sem taka þátt og öll á mismunandi sviðum. Júlí Heiðar Halldórsson frá Þorlákshöfn mætir á svið og syngur lagið *Fire* ásamt kærustu sinni Þórdísi Björk Þorfinnsdóttur. Með þeim á sviðinu er dansarinn og Hvergerðingurinn Baldvin Alan Thorarensen, en hann dansar einnig með VÆB bræðrum. Síðast en ekki síst er Alda Ólafsdóttir höfundur lagsins *Set me free* sem Stefán Jakobsson flytur. Alda býr bæði í

Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. „Það er einfaldlega vegna þess að við eigum þrjá ketti sem geta ekki búið saman svo við búum á báðum stöðum, skoppum á milli.“

Ásamt því að vera lagahöfundur rekur Alda verslunina Made in Iceland á Selfossi. Hún segir það ganga mjög vel að sinna bæði lagasmíðinni og versluninni. „Ég á svo æðislegan mann, Atla Lillendahl, sem styður mig svakalega í öllu, annars gæti ég ekki gert þetta allt.“

Alda er mjög stolt af laginu *Set me free* og segist hafa fengið besta söngvara á landinu til að flytja það. Hún samdi lagið

á Covid- tímanum og söng það upprunalega sjálf en segir að það sé eins og samið fyrir Stefán. „Þetta lag hefði alveg getað verið samið fyrir hann því hann gjör-samlega „brillerar“ í þessu. „It was meant to be“ eins og maður segir á góðri útlensku,“ segir Alda.

Lagið snýst um það sem hlustandanum finnst það snúast um. „Það er ekkert rangt, bara rétt. Ég held að við flest höfum verið í þeim aðstæðum að þrá einhvers konar frelsi. Það getur verið svo margt,“ segir Alda.

Að lokum segist hún berjast stolt fyrir hönd Suðurlands í keppninni á laugardaginn.



Alda ásamt Stebbja Jak. Ljósmynd: Instagram/kristinbob.



Parið Júlí og Dísa ásamt höfundi og dönsurum. Baldvin Alan er lengst til vinstri. Ljósmynd: Mummi Lú.



Menntaverðlaun Suðurlands afhent og styrkjum úthlutað

Menntaverðlaun Suðurlands voru afhent nýverið í Gaulverjabæ, hátíðarsal FSu. Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar hlaut verðlaunin að þessu sinni. Þau hafa staðið fyrir hagnýtu og ókeypis íslenskunámskeiði fyrir foreldra grunnskólabarna með fjöltyngdan og menningarlegan bakgrunn.

Dagskráin hófst á tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Árnesinga. Síðan flutti styrkþegi ársins 2022, Anna Selbmann, fróðlegt erindi með myndum um hegðunarmynstur grindhvala og háhyrninga í kringum Vestmannaeyjar. Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri Háskóla Íslands Suðurlands flutti ávarp ásamt forseta Íslands Höllu Tómasdóttur sem af-

henti nýjum styrkþegum fjárupphæð til að efla frekari rannsóknir á viðfangsefni þeirra.

Anna Guðrún Þórðardóttir, doktorsnemi við Landbúnaðarháskóla Íslands, fékk styrk fyrir verkefnið *Erfðaleg aðlögun byggs að krefjandi umhverfisaðstæðum* og Clémence Daigre, doktorsnemi við Háskóla Íslands, hlaut styrk til verkefnisins *IceAq* sem á að auka skilning á breytingum í vatnskerfum jökla.

Anton Kári Halldórsson formaður stjórnar SASS hélt hvatningarræðu og Soffía Sveinsdóttir skólameistari FSu hélt utan um dagskrána. Að lokinni athöfn gæddu gestir sér á brauð- og mæringstertum í mótuneytisrými skólans.



Verkföll framundan í Hveragerði og Ölfusi

Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands hafa boðað verkföll í grunnskólum í þremur sveitarfélögum. Ölfus og Hveragerðisbær eru meðal þeirra ásamt Akraneskaupstað.

Félagsfólk í Félagi grunnskólakennara (FG) og Skólastjórafélagi Íslands (SÍ), sem starfar hjá sveitarfélögnum Ölfusi og Hveragerðisbæ, hefur samþykkt verkfallsboðun frá 3. mars næstkomandi. Einn grunnskóli er í Ölfusi og einn í Hveragerðisbæ. Samkvæmt lögum þurfa allir skólar sveitar-

félaga sem taka þátt í aðgerðum að fara í verkfall. Verkfallsboðun nær einnig til félagsfólks sem starfar á skólaskrifstofum sveitarfélaganna. Verkföllin verða tímabundin og standa til og með 21. mars 2025.

Kennarafélag Íslands greinir frá þessu á síðu sinni.

Félagsfólk FG, FL og SÍ, sem starfar í fyrrgreindum sveitarfélögum, samþykkti verkfallsboðun með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Kjörsókn var í öllum tilfellum góð, á bilinu 60% til 100%. Atkvæðagreiðsla stóð dagana 13.-14. febrúar.



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Stíflubjónusta
Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575
800 SMÍÐI ehf.

KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

ALHLIÐA
BYGGINGA-
VERKTAKAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM

GB HÚS
SÍMI: 848-0964

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll

prentmet

heilðarlausnir í prentun

Eyravegi 25, 800 Selfoss
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

BRÁÐ AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

LAGNALAND

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

LAGNIR

ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is